



Fundargerð

**Svæðisráð austursvæðis - 90. fundur svæðisráðs austursvæðis haldinn á
skrifstofu í Fellabæ,
23. október 2018, kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Eyrún Arnardóttir formaður, Sigrún Blöndal varaformaður, Jóhann F. Þórhallsson svæðisráðsfulltrúi, Þórhallur Þorsteinsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Steingrímur Karlsson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og .

Fundargerð ritaði: Eyrún Arnardóttir, formaður.

Þórhallur Borgarsson sat fundinn í forföllum Einars Kr. Haraldssonar

1. Stjórn VJP - 122 - 1809001F

Formaður fór yfir fundargerð og reksturinn 2018 ræddur sérstaklega Rætt mikilvægi þess að hafa verkefnisstjóra yfir stærri framkvæmdum (útboðsskyldum verkefnum) á vegum þjóðgarðarins. Rætt um tillögur um stofnun Þjóðgarðsstofnunar og lýst yfir áhuga á að fá enn betri kynningu á uppbyggingu hennar og starfssviði, svæðisráð fylgist með gangi mála. Mikilvægi atvinnustefnu rædd og að hún verði kláruð sem fyrst.

2. Stjórn VJP - 123 - 1809003F

Farið fundargerð stjórnar

3. UNESCO - 1808005

Tilnefning á heimsminjaskrá Unesco, heimsókn sérfræðinga

Heimsókn IUCN rædd, almenn ánægja með heimsóknina en rætt að fundurinn hefði átt að vera betur auglýstur þannig að fleiri hagsmunaaðilar hefðu getað mætt. Agnes telur mikilvægt að íbúar/hagsmunaaðilar séu upplýstir um að tilnefningin eða vera á heimsminjaskrá hefur ekki áhrif á samþykka stjórnunar- og verndaráætlun.

4. Kjördæmavika þingmanna 2018 - 1811002

Farið var yfir fund með þingmönnum.

5. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Kynning á rekstraráætlun fyrir austursvæði

Þjóðgarðsvörður fór yfir drög að rekstraráætlun. Áætlunin er afar hófstíllt og svæðisráð væntir þess að óskum þjóðgarðsvarðar verði mætt.

6. Austursvæði - Samráðsfundur - 1811003

Samráðsvettvangur og samstarf innan þjóðgarðsins

Rætt um að hafa samráðsfund með hagsmunaaðilum fyrri hluta næsta árs.

7. Stjórnunar- og verndaráætlun endurskoðun 2013-2018 - 1709012

Staða endurskoðunar á Stjórnunar- og verndaráætlun.

Mál tekið á dagskrá að beiðni Einars Kr. Haraldssonar. Agnes fór yfir stöðu mála

varðandi stjórnunar- verndaráætlun.

Þórhallur Borgarsson vék af fundi.

8. Austursvæði-Vegslóðar - 1811001

Viðhald vega

Mál tekið á dagskrá að beiðni Einars Kr. Haraldssonar. Rætt um mikilvægi þess að svæðisráð fari yfir vegamál þjóðgarðsins samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun og hafi yfirlit yfir veghald slóða innan þjóðgarðsins. Þórhallur Þorsteinsson ætlar að koma með myndir af slóðum á næsta fund. Mikilvægt er að forgangsraða vegframkvæmdum innan þjóðgarðarins. Málið verður tekið upp á fundi síðar á árinu. Þjóðgarðsvörður beiðinn um að útbúa yfirlit yfir slóða og taka saman helstu upplýsingar og sögu þeirra.

Fundi slitið kl. 19:30.